

Hugbúnaður til tollskýrslugerðar vegna innflutnings

Leiðbeiningar um lágmarkskröfur Skattsins

Útgáfa dags.: 21.05.2021

Lágmarkskröfur um villuprófun, lykklaskrár og fleira

Til þess að tollskýrslugerðarhugbúnaður innflytjanda eða tollmiðlara teljist fullnægjandi gagnvart tollyfirvöldum skal hann uppfylla tiltekin lágmarks skilyrði, sem sett eru fram af Skattinum. Hér er átt við lágmarkskröfur um villuprófanir, lykklaskrár, töflur og fleiri atriði í hugbúnaði vegna útfyllingar innflutningsskýrslu í þeim tilgangi að lágmarka eða koma í veg fyrir villur í skýrslum. Skatturinn setur það sem skilyrði að áður en innflytjanda eða tolltollmiðlara er veitt heimild til SMT-tollafgreiðslu (EDI) skuli hugbúnaður hans fullnægja þeim lágmarkskröfum sem hér er greint frá. Sú krafa er byggð á 5. tölulið 2. mgr. 24. gr. tollalaga nr. 88/2005. Leiðbeiningar þessar eru einkum ætlaðar hugbúnaðarfyrirtækjum, sem framleiða eða þjónusta hugbúnað til tollskýrslugerðar. Áður en nýr hugbúnaður verður tekinn í notkun við SMT-tollafgreiðslu hjá innflytjendum mun Skatturinn fara fram á að fulltrúar frá embættinu skoði hugbúnaðinn og ennfremur verða prófanir á SMT-skeytasendingum að fara fram milli hugbúnaðarhúss og Skattsins.

Um tollskýrslur gildir reglugerð nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, með síðari breytingum.

Vísað er til eftirtalda gagna, sem útgefin eru af Skattinum og er að finna á vefsetri embættisins:

<https://www.skatturinn.is/fagadilar/tollamal/hugbunadarhus/ny-innflutningsskyrsla/>

- Tollskýrslueyðublað **E-2**, sbr. einstakir reitir. Hér á eftir nefnt **Ebl. E-2**.
- Leiðbeiningar um tollskýrslugerð vegna innflutnings, Ebl. E-2 Hér á eftir nefndar **LTI**.
- Staðallinn fyrir SMT-tollafgreiðslu vegna innflutnings, CUSDEC/CUSRES EDI-skeyti, ásamt fylgiskjöllum. Hér á eftir nefndur **SMT-tollstaðallinn** (EDI).
- Upplýsingar fyrir hugbúnaðarhús á vef Skattsins. Hér nefndar **VEFUPPL**.

Einnig:

- **Tollskrárlyklar**, skrá til nota í tollskýrslugerðarhugbúnaði, útgefin af Skattinum. Aðgengileg til niðurrhals á vefsetri embættisins:

<https://www.skatturinn.is/tollskrarlyklar/>

Tollskýrslugerðarhugbúnaður og SMT-þýðendur skulu eftir atvikum innihalda þær lykklaskrár, sem upp eru taldar í ofangreindum gögnum.

Við útfyllingu innflutningsskýrslu í hugbúnaði skal fara fram villuprófun þannig að ekki sé unnt að skrá aðra lykla og upplýsingar en þær sem heimilt er í hvern tiltekinn reit eða svæði þar sem það á við.

Ennfremur skal stærð og gerð svæða vera í samræmi við **SMT-tollstaðalinn** og **LTI** og villuprófun vera í svæðum hvort skráðar upplýsingar skuli vera númerískar eða

alfanúmerískar. Nánari fyriræli um útfyllingu einstakra svæða í innflutningsskýrslu er að finna í **LTI** og **SMT-tollstaðlinum**.

- Pappírslaus innflutningsskýrsla, nefnd **SMT-innflutningsskýrsla**, er í nokkrum atriðum frábrugðin innflutningsskýrslu á pappír, sbr. **Ebl. E-2**, hvað varðar reiti/svæði í skýrslunni eins og fram kemur í leiðbeiningum þessum.
- Innflytjendur og umboðsaðilar (flutningsmiðlarar), sem fengið hafa leyfi til tollafgreiðslu eru hér nefndir **leyfishafar** SMT-tollafgreiðslu.

Hér eru sérstaklega talin upp þau atriði, lyklskrár og villuprófanir, sem skulu vera til staðar í tollskýrslugerðarhugbúnaði með tilvísun til einstakra reita á eyðublaði **E-2**.

SMT-innflutningsskýrsla. (reitir sem fylla á út.)

1. **Reitur 1.** Skýrsla .
Reitur **1.1** (fremsti hluti) viðskiptasvæði, **1.2** (miðhluti), tegund tollafgreiðslu og **1.3** númer afgreiðslu.
Lyklskrá, villuprófun: Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
2. **Reitur 2.** Sendandi/Útflytjandi.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
3. **Reitur 3.** Eyðublöð (fjöldi).
Ekki fylltur út í SMT tollafgreiðslu.
4. **Reitur 5.** Vöruliðir (fjöldi tollskrárnúmera).
Villuprófun, skráður fjöldi stemmi við heildartölu vörunúmera (tollskrárnúmera) skráðum í reit 32..
5. **Reitur 6.** Stykkjatala (fjöldi umbúðaeininga).
Fjöldi, ekki villuprófað.
6. **Reitur 7.** Tilvísunarnúmer.
Sjá **LTI**.
7. **Reitur 8.** Viðtakandi, (innflytjandi).
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
8. **Reitur 9.** Ábyrgðaraðili greiðslu.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**. **Kemur í stað GI lykils áður.**
9. **Reitur 11.** Viðskiptaland (innkaupsland).
Lyklskrá, villuprófun. Sjá **VEFUPPL** og **SMT-tollstaðalinn**.
10. **Reitur 12.** Verðmætisupplýsingar.
Lyklskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
Ábending: Reglan er sú að séu upphæðir greiddar í erlendri mynt af innflytjanda þá skuli gefa þær upp í þeirri mynt í þessum reitum. Vátrygging sé ávallt gefin upp sem upphæð en ekki í %.

11. **Reitur 13. S.L.S (og 35).** (Heildar brúttó þyngd sendingar).
Brúttóþyngd vörusendingar í heilum kg. en í reit 35 pr. línu með 3 aukastöfum.
Reitur 13 og samtala í reit 35 stemmi sjá þó heimil frávik.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
12. **Reitur 14.** Skýrslugjafi/Umboðsaðili.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
13. **Reitur 15 C.** Lykill sendingar-/útflutningslands.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **VEFUPPL** og **SMT-tollstaðalinn**.
14. **Reitur 18.** Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við komu. **Sendingarnúmer.**
18 stafa númer frá farmflytjanda (einnig póstsendingar og úttektir úr tollvörugeymslu). (Ath. farmskrárnúmer, AWB nr., viðtökunúmer og raðnúmer úttektar í reit 21).
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
15. **Reitur 19.** Gámur.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**. 0 eða 1, villupróf.
Ef skráð er 1 þá sé a.m.k. eitt gámanúmer skráð í reit 31 lið 3.
16. **Reitur 20.** Afhendingarskilmálar.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **SMT-tollstaðalinn** og **LTI**.
Villuprófun sé á því að svæðið fyrir aftan lykla afhendingarskilmála sé útfyllt.
17. **Reitur 21.** Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
Villuprófun (unnt ef flutningsfar er skip). Farmskrárnúmer þegar flutningsfar er skip er 4 öftustu stafir í sendingarnúmeri. Nr. flugfylgibréfs (airwaybill - 11 stafir) ef sending kemur með flugi. Viðtökunúmer á póstillkynningu póstsendinga. Gera þarf ráð fyrir möguleika á að skrá fleiri en eitt viðtökunúmer ef um marga böggla er að ræða. Villuprófun getur tekið mið af því að póstsendingar hafa alltaf P í fyrsta staf í sendingarnúmeri, sbr. reit 18 á innflutningsskýrslu. Ef sendingarnúmer byrjar á P sé krafist útfyllingar a.m.k. 1 viðtökunúmers í skýrslunni. Raðnúmer úttektar úr tollvörugeymslu, 4 stafir.
18. **Reitur 22.** Mynt og heildafjárhæð reiknings.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **SMT-tollstaðalinn**, **LTI** og tollafgreiðslugengi á vef Skattsins.
19. **Reitur 24.** Tegund viðskipta.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **SMT-tollstaðalinn**, **LTI**
20. **Reitur 25.** Flutningsmáti yfir landamæri.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **SMT-tollstaðalinn**, **LTI**
21. **Reitur 28.** Fjármála- og bankaupplýsingar.
Innsetningarnúmer í tollvörugeymslu 8 stafir. (Einnig notað af pósti vegna viðmiðunardagsetningu hraðsendinga afgreiddum í pósti).

Sjá SMT-tollstaðalinn, LTI.

22. **Reitur 30.** Geymslustaður vöru.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
23. **Reitur 31.** Stykki og vörulýsing. Merki og númer – gámanúmer - tala og tegund.
Liður 1: Hér skal koma lýsing eða heiti vöru, t.d. í vörunúmeraskrá í hugbúnaði innflytjanda, en ekki texti úr tollskrárhandbók eins og t.d. “Aðrar vörur úr jární” eða “Annað”.
Liður 2: Merki á vöru. Sama og á farmbréfi.
Liður 3: Gámanúmer sama og á farmbréfi skipaflutninga, annars auður.
Liður 4: Fjöldi umbúðaeininga.
Liður 5: Lykill teg. umbúða.
Villuprófun lykla.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn** og **VEFUPPL**.
24. **Reitur 32.** Vöruliður.
Raðnúmer óslitinnar númeraraðar tollskrárnúmera.
25. **Reitur 33.** Vörunúmer (tollskrárnúmerið).
Villuprófun. Tollskrárnúmer sé til í tollskrá. Tollskrárnúmer séu á skrá í hugbúnaði og leyfilegar tegundir tolls (sbr. reit 36), gjöld, leyfi, bönn og aðrar upplýsingar séu til á skrá og skráðar á hvert tollskrárnúmer eins og í lyklaskrá tollskrár, sem Skatturinn gefur út á tölvutæku formi, sbr. **tollskrárlyklar**

Sérstök villuprófun á tengslum eftirtalinna skráningaratriða í nefndum reitum í innflutningsskýrslu:

- Reitur 33, tollskrárnúmer.
- Reitur 36, tegund tolls.
- Reitur 34a, upprunaland.
- Reitur 44, **EUR**, **GSP** og **FKI** lykillinn vegna upprunasönnunar.

Villuprófun á tengslum ofangreindra atriða:

1. Ekki sé unnt að biðja um tiltekna tegund tolls á tollskrárnúmeri í innflutningsskýrslu nema sú tegund tolls sé til á tollskrárnúmerinu í tollskrá/**tollskrárlyklum**.
2. Ef beðið er um aðra tegund tolls en A-toll á tollskrárnúmeri í innflutningsskýrslu þá verði upprunaland í reit 34a að eiga við tegund tolls; falla undir viðkomandi milliríkja- og fríverslunarsamning. Sjá **tollskrárlyklar** og skjalið **Aðflutningsgjöld og lyklar þeirra í Tollakerfinu** á vef Skattsins www.skatturinn.is.
3. Ef beðið er um aðra tegund tolls en A-toll og Z-toll (sjá einnig YL toll) í einhverri vörulínu innflutningsskýrslu verður lykillinn **EUR** að vera útfylltur í svæðið "leyfi og vottorð (teg. nr.)" sbr. reitur 44.
 - Ef um EUR skírteini er að ræða skal númer þess ritað í svæðið á eftir lyklinum þ.e. 7 öftustu stafir númersins.
Dæmi: EUR1234567.
 - Ef EUR yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir innflutningsskýrslu skal rita "YFIRLÝSING" í svæðið á eftir lyklinum þannig:
EURYFIRLÝSING

4. Ef beðið er um Z-toll í einhverri vörulínu í innflutningsskýrslu verður lykillinn **GSP** að vera útfylltur í svæðið "leyfi og vottorð (teg. nr.)" sbr. reitur 44.
 - Ef um GSP skírteini er að ræða skal númer þess ritað í svæðið á eftir lyklinum, þ.e. 7 öftustu stafir númersins.
Dæmi: GSP1234567.
 - Ef GSP yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir innflutningsskýrslu skal rita "YFIRLÝSING" í svæðið á eftir lyklinum þannig: GSPYFIRLÝSING.
 5. Ef beðið er um **YL** teg. tolls skal ekki nota EUR leyfis- kóðann. Í reit 44 í aðflutningsskýrslu skal skrá **FKI** leyfiskóðann og síðan 7 öftustu stafi númers upprunavottorðs eða yfirlýsingar um uppruna (sjálf-stæð skjöl), í svæðið með kóðanum (sérstök skjöl fyrir upprunasannanir vara skv. Kína-Ísland samningi). Ef smásending er =<600 USD má skrá V600USD, skv. nánari skilyrðum.
-
26. **Reitur 34a.** Lykill upprunalands.
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **VEFUPPL** og **SMT-tollstaðalinn**.
Sjá ennfremur reit 33.
 27. **Reitur 35.** Þyngd brúttó (kg).
Þyngd pr. línu með 3 aukastöfum. Villuprófun vegna heildar brúttó þyngdar. Sbr. vegna reits 13.
 28. **Reitur 36.** Ívilnun (tegund tolls).
Lyklaskrá, villuprófun. Sjá skjalið **Aðflutningsgjöld og lykjar þeirra í Tollakerfinu** á vef Skattsins og **SMT-tollstaðalinn**.
Sjá ennfremur vegna reits 33.
 29. **Reitur 37.** Tollmeðferð.
Aðeins ein tilvísun um tollmeðferð pr. línu.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**. **Villuprófun á lykja.**
 30. **Reitur 38.** Þyngd nettó (kg).
Nettóþyngd vöru vörulínu með 3 aukastöfum. Samtala nettóþyngdar sé ekki meiri en heildarbrúttóþyngd sendingarinnar í reit 13. Nettóþyngd vörulínu sé ekki hærra en brúttóþyngd vörulínu í reit 35. Ath. ekki er heimilt að áætla nettóþyngd sem hlutfall af brúttóþyngd eða sem hlutfall af verðmæti.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn** og **VEFUPPL**.
 31. **Reitur 39.** Kvótar.
Fyrst um sinn verður skráður lykillinn TKV01 sem gefur til kynna að um niðurfellingu sé að ræða samkvæmt úthlutaðum tollkvóta frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Frekari útfærsla bíður ákvörðunar þess ráðuneytis en tilkynning um úthlutaðan tollkvóta sendist sem fylgiskjal við tollafgreiðslu. Einkvæmt númer.
Sjá **LTI**.
 31. **Reitur 40.** Heildarskýrsla/Fyrri skjal.

Villuprófun, númer síðari hluta í reit 37 sé hærra en 00 annars sleppt að skrá tilvísun í fyrri tollafgreiðslu með sendingarnúmeri hennar í þennan reit. Athuga aðeins ein tilvísun pr. línu. Sjá **LTI**.

32. **Reitur 42.** Vöruverð.

Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.

Sami lykill myntar og í reit 22. Samtala reita 42 og stemmi við upphæð reits 22.

33. **Reitur 43.** Va-lykill. (Verðmætisyfirlýsing).

Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.

34. **Reitur 44.** Viðbótarupplýsinga/framlögð skjöl/vottorð og leyfi.

Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.

Sjá **nákvæmar leiðbeiningar um útfyllingu þessa reits í LTI**.

Reikningar:

Villuprófun krefjist þess að eitt vörureikningsnúmer hið minnsta sé í SMT-innflutningsskýrslu ásamt dagsetningu.

Viðbótarskjöl, skirteini, leyfi, vottorð, fastanúmer véla og bifreiða o.fl.:

Ef tiltekinn/tilteknir lykill (lyklar) leyfa eða banna, eða sérstakar kröfur um tilvísanir eru á tollskrárnúmeri í tollskrárlyklum frá Skattinum þá sé sá lykill ásamt tilvísun tilgreindur a.m.k. einu sinni í reit 44 þegar tollskrárnúmer með þeim lykli er til staðar í innflutningsskýrslu. Ennfremur skal vera villuprófun til staðar sem gerir kröfu um að ef þriggja stafa lykill leyfis eða banns er útfylltur verði svæði tilvísunar að vera útfyllt.

Tilvísunarnúmer úttekta úr tollvörugeymslu

Skráð þegar um er að ræða úttektarskýrslu úr tollvörugeymslu (frísvæði, tollfrjálsri verslun eða tollfrjálsri forðageymslu) Raðnúmer úttekta úr innsetningum sem tengjast hverri línu fyrir sig er skráð hér með þriggja stafa lykli **UTT** ásamt tilvísunarnúmeri t.d. V15-12345-014, þ.e. 11 stafir skráð án bandstrika. Villuprófun hvort innsetningarnúmer sé til staðar í innsetningu.

Villuprófun á ofangreindu sé til staðar í tollskýrslugerðarforriti þannig að ef notað er tollskrárnúmer í innflutningsskýrslu, sem ber tiltekið leyfi eða bann eða aðra kröfu um tilvísun þá verði að vísa til þess með útfyllingu á reit 44. Lyklaskrá, villuprófun.

LTI, VEFUPPL, Tollskrárlyklar og SMT-tollstaðallinn.

35. **Reitur 47.1 og 47.2. Útreikningur gjalda.** Tegund og gjaldstofn. (Lyklar gjalda og magntölur).

Sjá **SMT-tollstaðalinn** og **LTI** og **VEFUPPL**. um stærð svæða, aukastafi o.fl.

Villuprófun við tollskrá; **tollskrárlyklar**.

Skyld er að gefa upp í reit 47.1 lykil magntölu gjalda og lykil tölfræðiupplýsinga vegna Hagstofu, t.d. einingartölu, þyngd umbúða, styrkleikaprósentu áfengis, lítratölu, paratölu eða m³ á tilteknum tollskrárnúmerum. Magntölur þessara lykla eru skráðar í reit 47.2.

Meginreglan er að ávallt skal skrá raunverulegar magntölur í tollskýrslu en ekki áætlaðar. Þegar magntala er gjaldstofn aðflutningsgjalds, sem lagt er á vöru í tollskýrslu, er **óheimilt að áætla** upplýsingar um þessi atriði í reit 47.2. Þó er heimilt að áætla og reikna út þyngd umbúða vegna álagningar úrvinnslugjalds skv. sérstökum reglum skv. lögum um úrvinnslugjald. Nettóþyngd má áætla ef ekki liggja fyrir réttari upplýsingar hjá innflytjanda og nettóþyngdin myndar ekki gjaldstofn

aðflutningsgjalds á vörunni. Áætlun um þyngd skal þá byggja á mati innflytjanda en ekki sem hlutfall hlutfall af brúttóþunga eða verðmæt. Nettóþyngd má áætla með sama hætti, á vörulínu tollskrárnúmers í skýrslu, þó þyngd umbúða vegna úrvinnslugjalds af umbúðum sé áætluð sem hlutfall af nettóþyngd vörunnar, ef ekki eru önnur aðflutningsgjöld á vörunni þar sem nettóþyngd er gjaldstofn. Magntölur skulu vera skráðar á vöruna í vörunúmeraskrá í viðskiptahugbúnaði innflytjanda ef kostur er og notaðar við tollskýrslugerð.

Þyngd umbúða í kg. með 3 aukastöfum er skráð í reit 47.2 í vörulínu ásamt viðeigandi lykli í reiti 47.1 og eins og fram kemur í mynd á næstu síðu. Villuprófun þarf að vera þannig að ef BV og/eða BX gjald er á tollskrárnúmeri í tollskrárlyklaskrá frá Skattinum þá beri að fylla út viðeigandi lykla og magntölur varðandi þyngd umbúða. Sjá nánar upplýsingar um úrvinnslugjald á pappa/pappírsumbúðir (BV gjald) og plastumbúðir (BX gjald) á vef Skattsins; ekki skal skrá magntölu í SMT innflutningsskýrslu ef þyngd umbúða er áætluð sbr. reglu um PP* og PL2. **VEFUPPL.**

Dæmi um útfyllingu línu tollskrárnúmers á innflutningsskýrslu

Línur í innflutningsskýrslu og útfylling reita

Reitur	Reitur	Reitur	Reitur	Reitur
33 Tollskrárnúmer	31 Vörutegund	47.1 Gjaldalykill	47.2 Magntala gjalda	38 Nettóþyngd
0201.2001	Nautahryggir	② NET	240,000	② 240,000
	Pappírsumbúðir	③ PPX	0	
	Plastumbúðir	③ PL1	5,405	
0603.1005	Blóm orchids	① STK	215	② 138,000
	Pappírsumbúðir	③ PP2	⑦	
	Plastumbúðir	③ PL1	2,350	
2208.2023	Koníak	① STK	25	② 23,000
	Pappírsumbúðir	③ PP1	10,330	
	Plastumbúðir	③ PL2	⑦	
	Lítrafjöldi	⑤ LIT	18,75	
	Styrkur áfengis%	④ PRO	45,45	
8426.2000	Turnkranar	① STK	1	② 4700,000
	Pappírsumbúðir	③ PPX	0	
	Plastumbúðir	③ PLX	0	
	Þyngd rafgeyma	⑥ LIT	37,550	
8708.9301	Tengsli í bifr.	②		② 100,000
	Pappírsumbúðir	③ PP1	4,550	
	Plastumbúðir	③ PL1	1,330	
2202.1012	Gosdrykkir í áldós	① STK	360	② 140,000
	Pappírsumbúðir	③ PP2	⑦	
	Plastumbúðir	③ PL2	⑦	
	Lítrafjöldi	⑤ LIT	118,80	

Skýringar:

- ❶ **Einingartala** (stykkjatala) vöru. Er í sumum tilfellum gjaldstofn gjalda, t.d. skilagjalds á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, og til upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands.
- ❷ **Nettóþyngd vöru** í heilum kg. skal alltaf fylla út í reit 38 og er upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands en getur einnig verið gjaldstofn og skráist þá í reit 47.2. Nettóþyngd er almennt þyngd vöru í söluumbúðum til neytenda.
- ❸ **Þyngd umbúða** í kg. með 3 aukastöfum. Hvort sem umbúðir eru utan um vöru eða eru fluttar inn einar og sér. Gjaldstofn úrvinnslugjalds á pappa/pappírs- og plastumbúðir. Sjá nánar **VEFUPPL**.
- ❹ **Styrkleikaprósentu áfengis** með 3 aukastöfum í tollskrárnúmerinu. Hluti af gjaldstofni áfengisgjalds.
- ❺ **Magn vöru í lítrum** talið með 2 aukastöfum. Gjaldstofn gjalda í sumum tilfellum og til upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands.
- ❻ **Þyngd rafgeymis eða rafhlöðu** í kg. með 3 aukastöfum.
- ❼ **Hér hefur hlutfallstala verið reiknuð í tollakerfi en innflytjandi skilað auðu fyrir PP2 og PL2.**

Kröfur um útfyllingu magntalna er að finna í tollskrárlyklum.

Mikilvæg villuprófun: Ef gjaldstofn tiltekens gjalds eða tolls á tollskrárnúmeri í innflutningsskýrslu er stykkjatala, nettóþyngd, raunþyngd umbúða, styrkleikaprósentu áfengis/öls eða lítratala vörunnar í því tollskrárnúmeri þá sé ekki unnt að áætla þessar magntölur vélrænt í tollskýrslugerðarforriti heldur verði að gefa upp rauntölur þessara útfyllingaratriða í tollskýrslu vegna vöru í tollskrárnúmerinu. Ennfremur að þá sé skylt að fylla út viðkomandi reiti/svæði í skýrslunni. Athuga að sérstakar reglur gilda um úrvinnslugjald af umbúðum, en þá má áætla þyngd skv. sérstökum skilyrðum og reglum. Upplýsingar um hvaða gjöld og þar með gjaldstofnar eru á tollskrárnúmerum er að finna í [tollskrárlyklum](#).

Varðandi úrvinnslugjald á þyngd pappa/pappírs- og plastumbúða:

Villuprófanir í tollskýrslugerðarhugbúnaði ættu m.a. að vera eftirtaldar:

- Tiltekinn magntölulykill má aðeins koma fyrir einu sinni í hverri vörulínu tollskrárnúmers í innflutningsskýrslu.
- Ef magntölulykill er lykill gjaldstofns fyrir 0 kg. er skráð 0 í þyngd. Og öfugt ef lykill magntölu er fyrir raunþyngd (staðfest þyngd) þá verður að vera tala = eða > 0,01 kg í svæðinu með lykli. Ef notuð er reikniregla er magn ekki skráð með þeim lykli.
- Ekki má vera skráður magntölulykill á vörulínu tollskrárnúmers í innflutningsskýrslu ef ekki er úrvinnslugjald, á pappa-, pappírs- og eða plastumbúðir á viðkomandi tollskrárnúmeri. Þ.e. tollskrárnúmerið er ekki gjaldskylt.
- Ef umbúðagjald BX og/eða BV er á tollskrárnúmeri þá verður að fylla út gjaldstofnslykil viðkomandi úrvinnslugjalda (PL* eða PP*) ásamt þyngd samkvæmt gjaldtökureglum í vörulínu tollskrárnúmers.
- Ef skráður er lykill magntölu fyrir *áætlaða þyngd skv. reiknireglu* þá má magntala vera allt frá 0 kg. og >. Ekki er skráð áætluð þyngd í SMT-innflutningsskýrslu (PP2, PL2) þar sem tollakerfi áætla það.

36. **Reitur 49.** Auðkenni vörugeymslu.

Aðeins fylltur út ef flytja á í aðra tegund geymslu ef tegund tollafgreiðslu í reit er 1.2. TO, TV, FR, TF. Sjá einnig lykla yfir geymslur <https://skatturinn.is/vorugeymslur/>.

Lyklaskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.

37. **Reitur 54. Staður og dagsetning.** Kennitala og nafn skýrslugjafa/umboðsaðila, netfang og símanúmer.

Í þennan reit skal rita nafn og kennitölu þess aðila sem undirritar pappírsskýrslu.

Í stað undirskriftar prókúruhafa í reit 54 á innflutningsskýrslu hefur leyfishafi SMT-tollafgreiðslu lýst yfir í umsókn um pappírslausa tollafgreiðslu, sem samþykkt hefur verið af Skattinum, hverjir hafi leyfi til að skuldbinda hann með innsendingu SMT-innflutningsskýrslu. Viðkomandi starfsmenn leyfishafa hafa staðfestábyrgð sína með undirskrift á umsóknina. Leyfishafi skal tilkynna Skattinum ef breyting verður á nafnalista vegna nýrra starfsmanna eða starfsmanna, sem hætta störfum.

38. **Annað.**

Upphæðir í íslenskum krónum skulu alltaf vera uppgefnar í heilum krónum.

39. **Útskrift innflutningsskýrslu á pappír og SMT-innflutningsskýrsla - línur tollskrárnúmera.**

- Meginreglan er sú að sameina skal vörur í vörureikningi eða vörureikningum, sem tilheyra einni innflutningsskýrslu og eru í sama tollskrárnúmeri, í eina línu á innflutningsskýrslu hvort sem um er að ræða innflutningsskýrslu á pappír eða SMT-innflutningsskýrslu. Þetta er bundið þeim skilyrðum að allar upplýsingar, sem tengdar eru tollskrárnúmerinu séu samhljóða, þ.e. að vörulýsing, tegund tolls og upprunaland sé það sama fyrir vörurnar og eftir atvikum að aðrar upplýsingar sem krafist er í innflutningsskýrslunni leiði ekki af sér að sundurliða þarf vörur í skýrslunni þó að þær falli undir sama tollskrárnúmer. Aldrei má sameina vörur í sama tollskrárnúmeri í eina línu í tollskýrslu ef upprunaland er ekki það sama fyrir vörurnar.
- Í ýmsum tilvikum getur reynst nauðsynlegt að sundurliða vörur í sama tollskrárnúmeri og sem bera sömu tegund tolls og sama upprunaland. T.d. ef álagning gjalda á vöruna krefst slíkrar sundurliðunar vegna upplýsinga um einingartölu, nettóþyngd, lítratölu og styrkleikaprósentu áfengis, sem þá mynda gjaldstofn gjalda á vöruna í tollskrárnúmerinu. Einnig getur verið þörf á sundurliðun vegna þess að hluti af vörunni í tollskrárnúmeri skal undanþegin gjöldum, en þá þarf að tilgreina í sér línu í innflutningsskýrslu þann hluta vörunnar, sem óskað er eftir undanþágu gjalda á. Þau tilvik geta einnig verið fyrir hendi að innflytjandi óski eftir að fá að sundurliða vörur í innflutningsskýrslu, sem eru í sama tollskrárnúmeri, vegna eigin þarfa.
- **Í tollskýrslugerðarforritum innflytjenda skal samkvæmt framansögðu vera unnt að velja um tvær leiðir við útskrift innflutningsskýrslu eða gerð SMT-innflutningsskýrslu:**
 - A. Að sameina í eina línu vörur, sem eru í sama tollskrárnúmeri og fullnægja öllum skilyrðum til þess að sameina megi vöruna í eina línu.

- B.** Að sundurliða megi vörur í sama tollskrárnúmeri í línunum tollskrárnúmera í innflutningsskýrslu ef álagning gjalda eða undanþága gjalda krefst þess eða ef innflytjandi óskar þess. Ef slík sundurliðun er eingöngu vegna óska innflytjandans skal hann áður en hann leggur fram slíka innflutningsskýrslu á pappír eða sem SMT-innflutningsskýrslu fá leyfi Skattinum til slíkrar sundurliðunar við tollafgreiðslu.
40. **Samræmi á framsetningu upplýsinga í SMT-innflutningsskýrslu (CUSDEC-skeyti), innflutningsskýrslu á pappír og innflutningsskýrslu, sem vistuð og birt er í hugbúnaði og tölvukerfi innflytjanda.**
- SMT-innflutningsskýrsla, sem send er með CUSDEC skeyti til Skattsins, skal innihalda upplýsingar eins fram settar og í samræmi við samsvarandi svæði í pappírinnflutningsskýrslu, sem skrifuð er út úr hugbúnaði innflytjanda. Með þessu er m.a. átt við að ef vörur í sama tollskrárnúmeri eru dregnar saman í eina línu í SMT-innflutningsskýrslu skal slíkt einnig gert þegar sú skýrsla er prentuð út á pappír. Sama gildir þá einnig þegar vörur í sama tollskrárnúmeri eru **ekki** dregnar saman í eina línu í SMT-innflutningsskýrslu þá skal það ekki heldur gert í pappírútgáfu skýrslunnar. Innflutningsskýrslur, hvort sem um SMT-skýrslu eða pappírsskýrslu er að ræða, skulu vistaðar í tölvukerfi innflytjanda eins og þær voru sendar til Skattsins í SMT eða á pappír.

Vörunúmeraskrár

Hver vara/vörutegund í innflutningsskýrslu skal eiga sér vörunúmer í viðskiptahugbúnaði innflytjanda. Á vörunúmerið skulu a.m.k. skráðar þær upplýsingar um vöruna sem nauðsynlegar eru til þess að varan fái rétta tollmeðferð við tollafgreiðslu í innflutningsskýrslu vegna álagningar aðflutningsgjalda o.fl. Auk upplýsinga um heiti (vörulýsingu) og einingarverð vörunnar, tollskrárnúmer og upprunaland skal skrá m.a. þær upplýsingar er geta verið gjaldstofnar aðflutningsgjalda. Auk tollverðs geta ýmsar magntölur verið gjaldstofnar t.d. stykkjatala, nettóþyngd vörunnar, þyngd umbúða, styrkleikaprósenta áfengis og lítratala. Ef sama varan getur átt sér ólík upprunalönd skal skrá vöruna í vörunúmeraskrá sérstaklega fyrir hvert upprunaland; varan fær þá mörg vörunúmer.

Ábending - Tollskrárlyklar

Hægt er að sækja gildandi [tollskrárlykla](#) á vef Skattsins sem textaskrá til frjálsra nota í tollskýrslugerðarforritum vegna útfyllingar innflutningsskýrslu og álagningar aðflutningsgjalda. Þar er einnig að finna færsluteikningu og yfirlit yfir aðflutningsgjöld. Þessi gögn má einnig fá hjá upplýsingatæknideild skattsins, sími 442 1505. Eftirtalin atriði eru tengd við hvert tollskrárnúmer:

- Lyklar og tolltaxtar tegundar tolls. Hvaða tegundir tolla eru leyfilegar á tollskrárnúmerinu.
- Aðflutningsgjöld önnur en tollar. Taxtar gjalda og lyklar. Þar með hvaða VSK % er á tollskrárnúmerinu.
- Leyfi, vottorð, innflutningsbann: Lyklar.
- Tollkrít. Ábendið TKRIT tiltekur hvort álögð gjöld á tollskrárnúmeri eru skuldfærð á 1s mánaðar eða 2ja mánaða uppgjörstímabil. Sbr. reglugerð nr. 640/1989 um greiðslufrest á

virðisaukaskatti í tolli m.s.br. og reglugerð nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Hafa verður í huga að ýmsar sérreglur gilda um tollkrít varðandi einstök gjöld.

- Fastnúmer. Tiltekur hvort skylt er að gefa upp fastnúmer í innflutningsskýrslu vegna skráningarskylds ökutækis í tollskrárnúmeri í skýrslunni.
- Einingartala (stykkjatala, pör, m3), þ.e. hvort skylt er að gefa upp einingartölu vöru, sem fellur undir tollskrárnúmerið.
- Gatt-tollabindingar á tollskrárnúmeri.
- Álagsgrunnur magntollabindinga og magntolla; nettóþyngd eða einingartala.
- Hvort skylt er að gefa upp lítratölu vöru í tollskrárnúmeri vegna gjalds á tollskrárnúmeri sem hefur lítra að gjaldstofni.
- Hvort gjald eða tollur á tollskrárnúmeri hefur nettóþyngd sem gjaldstofn.
- Hvort krafist er þyngdar umbúða.

SMT-tollafgreiðsla

Í reglugerð nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu, sem fjallar um pappírslausa tollafgreiðslu, er að finna ýmis ákvæði um vörslu gagna (tollskýrslna) á tölvutæku formi, gagnadagbók (log) SMT-skeyta, útprentun CUSTAR skeyta o.fl., sem tengist hugbúnaði innflytjenda. Þau ákvæði verður tollskýrslugerðarhugbúnaður innflytjanda að uppfylla áður en honum er veitt heimild til SMT-tollafgreiðslu.

SMT-tollstaðalinn og fylgigögn má fá hjá upplýsingatæknideild Skattsins, sími 442 1505, tölvupóstur: ut@skatturinn.is.